

Nd.

847. Frumvarp til laga

[295. mál]

um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. apríl.)

1. gr.

Opinber mál vegna brota á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980 og lög nr. 13/1985, og reglugerðum og öðrum stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim og vegna brota á 173. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, skulu rekin og dæmd fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum, sjá þó 5. gr.

2. gr.

Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum skal hafa aðsetur í Reykjavík.

Ráðherra skipar sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum og skal hann fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti og hafa þekkingu á rannsókn og meðferð ávana- og fíkniefnamála. Hann nýtur réttinda og ber skyldur sem aðrir héraðsdóm-
arar. Hann getur haldið dómþing hvar á landinu sem er.

3. gr.

Við embætti sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum skulu starfa svo margir fulltrúar er fullnægi skilyrðum 33. gr., sbr. 6. tölul. 32. gr. laga nr. 85/1936, sem þörf er á að mati dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra getur veitt fulltrúum, sem ráðnir eru til starfa skv. 1. mgr. og fullnægja ákvæðum laga til að hljóta skipun í fast dómara starf, heimild til að vinna sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómstörfum sem þeim eru falin.

4. gr.

Nú þykir þörf á aðgerðum sem að lögum þarf atbeina dómara til, eða nauðsynlegar eru að öðru leyti vegna rannsóknar máls varðandi ávana- og fíkniefni, meðan frumrannsókn stendur yfir og getur lögreglustjóri þá snúið sér til sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum. Þó er lögreglustjóra heimilt að leita til almenns sakadómara ef það þykir betur henta. Þegar þörf er slíkra aðgerða vegna rannsóknar máls sem getur varðað bæði ávana- og fíkniefni og önnur sakarefni getur lögreglustjóri snúið sér hvort heldur til sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum eða almenns sakadómara.

5. gr.

Þegar höfða skal mál til refsingar þar sem um er að ræða brot á ákvæðum þeim sem talin eru í 1. gr. og jafnframt öðrum lagaákvæðum ákveður ríkissaksóknari hvort málið skuli höfðað fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum eða almennum sakadómi.

6. gr.

Um málsmeðferð alla fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum skal fara eftir ákvæðum laga nr. 74 21. ágúst 1974, eftir því sem við á.

7. gr.

Dómsmálaráðherra úrskurðar að öðru leyti en lög þessi ákveða hver störf skuli lögð undir embætti sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum.

Dómsmálaráðherra ræður sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum starfsmenn.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1986.

Jafnframt eru felld úr gildi lög um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum, nr. 52/1973, og lög nr. 66/1974, um breyting á þeim lögum.